

18.apríl 2017

**Umhverfis- og auðlindaráðherra**  
**Björt Ólafsdóttir**  
**Skuggasundi 1**  
**150 Reykjavík**

**Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, Þingskjal 539 — 408. mál.**

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram frumvarp að lögum um skipulag haf- og strandsvæða.

Undirritaðir bæjar- og sveitarstjórar mótmæla harðlega þeirri aðför að sjálfstjórn sveitarfélaga og forræði þeirra í skipulagsmálum sem í frumvarpinu felst. Undirritaðir taka undir og leggja áherslu á þau sjónarmið að skipulagsskylda haf- og strandsvæða utan netlaga verði bundin í lög, ekki hvað síst með hliðsjón af vaxandi umsvifum á strandsvæðum, s.s. vegna fiskeldis og siglinga farþegaskipa. Sveitarfélögin verða að koma beint að þessu borði á strandsvæðunum sjálfum, enda mikið í húfi fyrir þau að vel takist til í skipulagi mála á svæðum er varða beinlínis þeirra efnahags- og samfélagsmál.

Skipulagsmál eru eitt mikilvægasta stjórnþæki hvernar sveitarstjórnar og endurspegla vilja samfélagsins og framtíðarsýn um landnotkun og framtíðarþróun. Forræði sveitarfélaga tryggir jafnframt að stjórnvaldsfyrirmæli skipulagsáætlana byggja á lýðræðislegum grunni sveitarstjórnarmála.

Strandsvæði, þ.m.t. innfirðir og flóar, tengjast skipulagsáætlunum sveitarfélaga með beinum og óbeinum hætti. Verði strandsvæðin slitin úr samhengi við skipulagsáætlanir sveitarfélaga, getur það haft í för með sér óhagræði og árekstra ólíkra hagsmuna, með þeim afleiðingum að fyrir borð verði borin þau grundvallarmarkmið skipulagslöggjafar sem stuðla að nýtingu og verndun auðlinda á sjálfbærum grunni í þágu efnahagslegrar uppbyggingar og félagslegrar velferðar.

Sérstaklega skal bent á það sem lagt er til í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014 til 2018, lið 3.4.8:

*Sambandið gætir hagsmuna sveitarfélaga við mótun lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, verði á forræði sveitarfélaga. Einnig*

*verði lögð áhersla á að fram fari nauðsynlegar grunnrannsóknir á strandsvæðum þar sem álag vegna nýtingar er mikið, til að auðvelda gerð skipulags- og nýtingaráætlana.*

Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum Sambands íslenskra sveitarfélaga er það sérstaklega ámælisvert ekki skuli í frumvarpinu skilið á milli skipulags hafsvæða, sem vera ætti á hendi ríkisins, og skipulags strandsvæða, sem vera ætti á hendi sveitarfélaga.

Það hlýtur að orka tvímælis, að í stað þess að byggja á núverandi lagagrunni skipulagsmála, mæla drögin fyrir nýju fyrirkomulagi sem svo er ætlað að starfa samhliða því sem fyrir er. Standi vilji ríkisvaldsins til þess að efla skipulagsgerð væri mun nærtækara að fella skipulag strandsvæða að núverandi fyrirkomulagi skipulagsmála og tryggja fjármögnun þess með skilgreindum tekjustofnum.

Frumvarpið leggur til að ráðherraskipuðum svæðisráðum verði falin ábyrgð á skipulagsgerð strandsvæða, í stað sveitarfélaganna sjálfra. Ber svæðisráðunum einungis að *taka tillit til skipulagsáætlana þeirra sveitarfélaga sem eiga í hlut. Þá er með ólíkindum að einn af ráðherraskipuðum fulltrúum hefur neitunarvald í svokölluðu svæðisráði en sveitarfélögin ekki, þrátt fyrir að hagsmunir þeirra séu hvað mestir þegar kemur að skipulaginu.*

Síðast en ekki síst ganga tillögur frumvarpsdraganna gegn þeirri meginreglu að efla skuli staðbundið vald og ákvarðanatöku með tilliti til almannahagsmuna og skynsamrar meðferðar opinberra fjármuna. Þessi nándarregla er ein helsta ástæða þess að viðamikil verkefni á borð við grunnskólarekstur hafa verið færð frá ríki til sveitarfélaga. Enn sér ekki fyrir endann á þeirri þróun og sætir því furðu að nú skuli kveða við allt annan tón – og þá í skipulagsmálum, þrátt fyrir þá staðreynd að skipulagsmál eru á meðal mikilvægustu kjarnaverkefna sveitarfélaga.

Undirritaðir óska því tafarlaust eftir samtali við umhverfis- og auðlindaráðherra um málið og frumvarpið svo sjónarmiðum þeirra sveitarfélaga sem liggja að fjörðum verði komið beint á framfæri við ráðherra. Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga er kunnugt um erindi þetta og væri mikilvægt að fulltrúar Sambandsins yrðu með í slíku samtali.

Hvernig sem framlögðu frumvarpi reidur af þá er mikilvægt að þegar verði hafin vinna við nýtingaráætlanir einstakra strandsvæða, þar sem hagsmunaðilar fái að koma að borðinu. Þar þurfa sveitarfélögin að vera leiðandi, enda geta hagsmunir þeirra staðið og fallið með því sem gerist á fjörðunum.

Apríl 2017